

Til viðskiptanefndar Alþingis

Frá Samtökum fjárfesta

Varðar þskj. 614 — 343. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Samtök fjárfesta lýsa ég meðmælt frumvarpi til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. Fulltrúi Samtaka átti sæti í nefnd, sem vann að undirbúningi frumvarpsins.

Samtök fjárfesta telja rétt að allar eignir, þar sem undirliggjandi eign er hlutafé eða annars konar stofnfé í í öðrum fjármálafyrirtækjum komi til lækkunar á eigin fé í eiginfjárútreikningum (CAD) til að krosseignatengsl geti ekki skapað fjármálakerfi án eigin fjár eins og raunin virðist hafa verið fram að hrúni íslenska fjármálamarkaðarins. Samtök fjáresta telja að það sé ætlunin með 17. grein frumvarpsins.

Samtökin vilja þó áréttta þann skilning að rekstur fjármálafyrirtækja einskorðist aðeins og eingöngu við starfsemi á sviði fjármálaþjónustu, samanber 20. og 21. grein gildandi laga.

Með því er verið að undirstrika það, að fjármálafyrirtæki geti ekki tekið þátt í annarri og óskyldri starfsemi nema ef um er að ræða fullnustu eigna, til að tryggja körfur, samanber 22. grein gildandi laga. Með því er verið að ítreka þann skilning að fjármálastofnun getur aldrei komið að fjandsamlegri yfirtöku á eigin viðskiptavin, eða stundað atvinnurekstur, sem er ekki fjármálastarfsemi, í gegnum einkafjármögnunarsjóð (private equity fund). Þetta álit Samtaka fjárfesta kemur fram í álit áfrýjunarnefndar Samkeppinsráðs nr. 18/2009, þ.e. vegna N.B.I / Vestia / Landsbankans og Teymis.

Samtök fjárfesta vilja vekja máls á því hvort það geti verið nauðsynlegt að Seðlabanki fái valdheimild til að setja kröfur um veðþekju (margin requirement) vegna útlana í verðbréfavíðskiptum og Fjármálaeftirlit skuli hafa eftirlit með.

Má þar vísa til reglna Federal Reserve, merktar T, U og X á vef bankans, (<http://www.federalreserve.gov/bankinforeg/reglisting.htm>).

Samtök fjárfesta hafa hugað að því hvort aðskilnaður viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingabankastarfsemi leiði til bóta á íslenskum fjármálamarkaði. Að áliti Samtakanna vour megin ástæður falls íslensku bankanna slæmar viðskiptavenjur og svig við reglur. Með því er átt við að eiginfjárreglur voru ekki virtar og lánveitingar voru án viðhlítandi trygginga. Afleiðing af þessu var markaðs-misnotkun og á stundum svig við hlutafélagalög.

Helstu ákvæði þessa frumvarps koma að flestu leyti á móts við sjónarmið til að sporna við vondum venjum og breytingar á hlutafélagalögum til að auka minni-hlutavernd og styrkja jafnræði hluthafa komenn frekar á móts við sjónarmið Samtaka fjárfesta.

Með vinsemd og virðingu,

Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdaastjóri

Samtaka fjárfesta, GSM 895 6280